

VALUR

EVROPUKEPPNI BIKARHAFI



**DYNAMO
BERLIN**



**13. september
1989**

LAUGARDALSVÖLLUR

Knattspyrnudeild Vals

þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning

- Fasteignasalan Húsafell**, Langholtsvegi 114, 104 R.
Verðbréfavíðsk. Samvinnub.
Kristján G. Gíslason, Hverfisgötu 16, 101 R.
Groco hf., umboðs- og heildv., Grensásvegi 16, 108 R.
Gámaþjónustan hf., Vatnagarðar 12, 104 R.
Löggiltir Endurskoðendur, Guðm. Frimannss. Ármúla 40, 108 R.
Optik, gleraugnaverslun, Hafnarstræti 20, 101 R.
Róbert Árni Hreiðarsson, Skeifunni 17, 108 R.
Glerverksm. Esja, Völuteigi 3, 270 Mos.
Lögmenn Lækjargötu 2, Lækjargata 2, 101 R.
Bókabúðin Embla, Völvufelli 21, 111 R.
Efnagerðin Valur, Dalshrauni 11, 220 Haf.
Endurskoðunarsk. Bergs Tómass., Síðumúla 33, 108 R.
Kexversm. Frón, Skúlagötu 28, 101 R.
Endurskoðunarsk. Viðars Elíssonar, Suðurlandsbraut 14, 108 R.
Hafnarfjarðarapótek, Standgötu 34, 220 Haf.
Fógetinn, Aðalstræti 10, 101 R.
Lindin hf., Sundaborg 7, 104 R.
Lögheimtan hf., Laugavegi 97, 101 R.
Kirnan hf., Ármúla 28, 108 R.
Desert veitingaþjónusta, Auðbrekku 26, 200 Kóp.
Smárabakarí, Kleppsvegi 152, 104 R.
Smurstöð Essó, Stórahjalla 2, 200 Kóp.
Tannlæknast. Hængs Þorsteins., Bolholti 4, 105 R.
Ólafur Gústafsson hrl., Húsi Verslunarinnar, 103 R.
Hampiðjan hf. Stakkholti 4, 105 R.
Friðjón Öm Friðjónsson, Suðurlandsbraut 22, 108 R.
Lögfræðistofa Armundar Backmann, Klapparstíg 27, 101 R.
Jámverk, Ármúla 32, 108 R.
Borgarsteinn hf., Grensásvegi 8, 108 R.
Pítan, Skipholti 50c, 105 R.

„Hvetjum okkar menn til dáða“

Eggert Magnússon formaður
knattspyrnudeildar Vals

Valsmenn bjóða leikmenn og fararstjórn Dynamo Berlin velkomna til Evrópuleiks á Laugardalsvelli. Undanfarin ár hefur sjálfs-traust íslenskra knattspyrnumanna gegn erlendum liðum aukist til muna. Menn mæta til leiks án allrar feimni og með því hugarfari að gefa allt í hvern leik. Með slíkt hugarfar að leiðarljósi er góður möguleiki á því að komast áfram í næstu umferð.

Eins og öllum er kunnugt hefur árangur Vals í sumar ekki verið sá sem vonast var til í upphafi móts. Metnaðurinn, til þess að sýna og sanna raunverulega knattspyrnulega getu liðsins í Evrópuleikjunum gegn Dynamo Berlin, er því fyrir hendi um þessar mundir og ekki seinna vænna.

Áhorfendur góðir! Allt of oft erum við forystumenn knattspyrnufélaganna svekkfir yfir því hve lítið er um hvatningaróp til leikmanna þegar mest á riður. Hvatningaróp virka iðulega sem vítamínsprautu á leikmenn og geta haft áhrif á leik þeirra og jafnvel úrslit.

Núna komum við okkur fyrir í sætunum, misjafnlega stressuð og hlökkum til að horfa á góðan leik. Látum vel í okkur heyra allan tímann því það hvetur okkar menn til dáða. Hvatningarópin: „Áfram Valur, áfram Valur“ eiga að heyrast frá fyrstu til síðustu mínútu. Að leikslökum sjáum við hvaða raun það hefur gefið.

Góða skemmtun!



VALUR
KNATTSPYRNUDEILD

Útgefandi leikskrár: Knattspyrnudeild Vals
Ritsjóri: Þorgrímur Þránínsson
Auglýsingastjóri: Garðar Vilhjálmsson
Prentvinna: Prenttækni Kópavogi

SIGUR GEGN MONACO

Leikir Vals í Evrópukeppni



Táknræn mynd af leik Vals og Monaco í Evrópukeppni meistaraliða á Laugardalsvöllinum í fyrra. Valur Vals-son hefur leikið á Ferratoe sem veit vart hvað snýr upp eða niður. Valur hafði betur 1:0 í eftirminnilegum leik.

Valur hefur fjórtán sinnum tekið þátt í Evrópukeppni í knattspyrnu og leikið samtals 30 leiki. Þrisvar sinnum hefur Valur borið sigur úr bytum, — gegn Glentoran 1977, Nantes 1985 og gegn Monaco í 1988. Eðlilega er markatala Vals því fremur óhagstæð, 16-88 andstæðingunum í hag.

Einu sinni hefur Val tekist að komast í 2. umferð Evrópukeppninnar en það var árið 1967 eftir leiki gegn Jeunesse d'Esch. Fyrri leiknum, á heimavelli Vals, lyktaði með jafntefli 1:1 en síðari leikurinn endaði 3:3.

Á undanförunum árum hefur Valur náð mjög athygliverðum árangri í Evrópukeppni.

inni og nægir þar að nefna leiki Vals gegn frönsku meistunum Monaco í fyrra. Valur átti stórleik á heimavelli og lagði frönsku meistarana að velli 1:0 og hefði leiknum allt eins getað lyktað með 4:0 sigri Vals miðað við tækifærin sem liðið fékk. Enski landsliðsmaðurinn, Glenn Hoddle, sem leikur með Monaco sagði eftir leikinn að lið Vals hefði leikið vel og verið óheppið að vinna ekki stórsigur. Útileikurinn tapaðist 0:2 og féll Valur því úr keppninni með sæmd.

Síðast lék Valur gegn liði frá Austur-Þýskalandi árið 1987 í Evrópukeppni félagsliða. Leikið var gegn Wismut Aue og náði Valur einum sínum besta leik í Evrópukeppni á útivelli og gerði 0:0 jafntefli. Heimaleiknum lyktaði með 1:1 jafntefli en Valur féll úr keppni á mjög hæpnum vítaspjrnudómi.



Þorgrímur Þráinsson, fyrirlíði Vals, sækir að Fofana. Afríkumanninum í liði Monaco, sem er talinn einn efnilegasti leikmaðurinn í frönsku 1. deildinni.

Evrópukeppni meistaraliða:

1967

Valur — Jeunesse d'Esch	1:1	3:3
Valur — Vasas	0:6	1:5

1968

Valur — Benfica	0:0	1:8
-----------------	-----	-----

1977

Valur — Glentoran	1:0	0:2
-------------------	-----	-----

1979

Valur — Hamburger SV	0:3	1:2
----------------------	-----	-----

1981

Valur — Aston Villa	0:2	0:5
---------------------	-----	-----

1986

Valur — Juventus	0:4	0:7
------------------	-----	-----

1988

Valur — Monaco	1:0	0:2
----------------	-----	-----

Evrópukeppni bikarhafa

1966

Valur — Standard Liege	1:1	1:8
------------------------	-----	-----

1975

Valur — Celtic	0:2	0:7
----------------	-----	-----

1978

Valur — Magdeburg	1:1	0:4
-------------------	-----	-----

Evrópukeppni félagsliða

1969

Valur — Anderlecht	0:6	0:2
--------------------	-----	-----

1974

Valur — Portadown	0:0	1:2
-------------------	-----	-----

1985

Valur — Nantes	2:1	0:3
----------------	-----	-----

1987

Valur — Wismut Aue	1:1	0:0
--------------------	-----	-----



Þorgrímur Þráinsson, 30 ára
varnarmaður. Ritstjóri. 13
landsleikir.



Magni Blöndal Pétursson, 32
ára miðvallarleikmaður.
Söluamaður.



Bjarni Sigurðsson, 29 ára
markvörður. Tölvufræðingur. 30
landsleikir.



Baldur Bragason, 21 árs sókn-
amaður. Nemi.



Lárus Sigurðsson, 18 ára
markvörður. Nemi.



Guðmundur Baldursson, 28
ára miðvallarleikmaður. Mjólk-
urfræðingur.



Steinar Dagur Adólfsson, 19
ára miðvallarleikmaður. Nemi.



Gunnlaugur Einarsson, 19 ára
miðvallarleikmaður. Nemi



Halldór Áskelsson, 24 ára
framherji. Nemi. 24 landsleikir.



Einar Páll Tómasson, 21 árs varnarmaður. Nemi.



Lárus Guðmundsson, 28 ára framherji. Forstjóri. 17 landsleikir.



Þórður Bogason, 20 ára framherji. Nemi.



Jón S. Helgason, 20 ára varnarmaður. Viðskiptafræðinemi.



Jón Þór Andrésson, 20 ára framherji. Nemi.



Sigurjón Kristjánsson, 27 ára framherji. Trésmiður. 5 landsleikir.



Sævar Jónsson, 31 árs varnarmaður. Forstjóri. 52 landsleikir.



Ingvar Guðmundsson, 24 ára miðvallarleikmaður. Húsasmiður. 3 landsleikir



Snævar Hreinsson, 23 ára varnarmaður. Nemi.



Atli Eðvaldsson, 32 ára miðvalla-
leikmaður. 59 landsleikir.



Guðmundur Þorbjörnsson,
32 ára þjálfari. Verkfræðingur.



Sævar Hjálmarsson,
lífsstjóri. Sendibílsstjóri.

ÍSLANDSMEISTARAR



Íslandsmeistarar Vals í kvennakkattspyrnu 1989. Aftari röð frá vinstri: Margrét Bragadóttir, Guðrún Sæmundsdóttir, Bryndís Valsdóttir, Arney Magnúsdóttir, Helga Jónsdóttir, Anna Gísladóttir, Sigrún Ásta Sverrisdóttir, Logi Ólafsson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Kristín Briem, Magnea Magnúsdóttir, Sigrún Birna Norðfjörð, Ragnheiður Víkingsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Védís Ármannsdóttir, Kristín Arnþórsdóttir. Á myndina vantar Ragnhildi Skúladóttur.

Enn er von...



Það þarf víst ekki að fletta lengi upp í orðabók til þess að finna rétta orðið sem er táknrænt fyrir það keppnistímabilið sem er í þann mund að ljúka.

VONBRIGÐI er orðið og er það nokkuð sem félag eins og Valur á erfitt með að sætta sig við. Sumar án titils vekur menn til umhugsunar því leikmannahópurinn gaf til efni til mikilli væntinga og glæstra sigra. En ekki verður sopið kálið þótt í ausuna sé komið og þekkt nöfn og falleg andlit ein saman vinna ekki sigra án áreynslu.

Þrátt fyrir að í leikmannahópi Vals séu 9 leikmenn sem eiga A-landsleiki að baki hafa þeir ekki náð að sýna sitt rétta andlit í sumar. Eðlilegar þreifingar áttu sér stað með liðsuppstillingu í Reykjavíkurmótinu og var árangurinn eftir því. Skiptar skoðanir verða alltaf um hvort þessi eða hinn eigi að vera í byrjunarliði en flestum bar saman um

að nýju leikmennirnir hefðu mátt hafa meira fyrir því að vinna sér sæti í liðinu.

Valsliðið bar afroð gegn Fram í Meistarakeppninni, tapaði þeim leik 1:3. Íslandsmótið fór betur af stað en undanfarin ár og leiddi Valur í 1. deild eftir 11 umferðir. Þrátt fyrir góðan árangur í fyrri umferðinni var leikur liðsins tilviljunarkenndur og var eins og fæstir leikmenn vissu hvaða hlutverki þær áttu að gegna innan vallar. Strax í byrjun júní tók að halla undan fæti og vannst ekki leikur í rúman mánuð. Liðið var slegið út úr Mjólkurbikarkeppninni á eftirminnilegan hátt þar sem misskilningur gerði út um leikinn gegn KR.

Þrátt fyrir þokkalega tilburði í nokkrum leikjum voru heilladísirnar víðs fjarri og töpuðust leikir sem hefðu allt eins getað endað á hinn veginn. Þegar á heildina er lítið hefur liðið leikið illa í sumar og fæstir liðsmanna náð sér á strik. Erfitt er að segja hverju þar er um að kenna en óneitanlega vakti það athygli að ekki skildi nást meira út úr þeim mannskap sem var til staðar.

„Eftir höfðinu dansa limirnir“ segir einhversstaðar og var sú ákvörðun tekin á stjórnarfundi að skipta um þjálfara. Sitt sýnist hverjum um réttmæti þess en eitthvað var að gera í stöðunni til þess að reyna að rétta úr kútnum.

Þótt Íslandsmeistaratitillinn sé horfinn sjónum segja sumir: „Enn er von“ og þar er átt við Evrópukeppni bikarhafa. Það verður að teljast fullmikil bjartsýni að gera kröfur til bikars í þeirri keppni með tilliti til þess sem á undan er gengið. En við spyrjum að leikslökum og Valur gerir sitt besta til þess að eiga skemmtilegar minningar frá annars rýru sumri hvað viðkemur meistaraflokki karla.

Keppnistímabilið 1989

„MENN VERÐA AÐ LEIKA SKIPULEGA OG AGAÐ“

Guðmundur Þorbjörnsson þjálfari Vals



Nýr þjálfari tók við þjálfun meistaraflokks Vals 29. ágúst síðastliðinn. Hann heitir Guðmundur Þorbjörnsson og var á sínum tíma einn besti knattspyrnumaður Íslands. Guðmundur lék með Val um áratuga skeið, hann á tugi landsleikja að baki og fjölda viðurkenninga. Hann var kjörinn knattspyrnumaður ársins af leikmönnum 1. deildar árið 1985 og hélt í kjölfar þess í atvinnumennsku til Sviss. Guðmundur var einstakur knattspyrnumaður og er í raun ennþá. Hann býr yfir gífurlegri reynslu og hefur því af miklu að miðla til þeirra sem nú leika í meistaraflokki.

Það er ekki öfundsvert að taka við liði sem hefur átt effitt uppdráttar þegar lítið er eftir af keppnistímabili en Guðmundur ákvað, sem sannur Valsmaður, að gera það sem í hans valdi stendur til þess að reisa skútuna við. Hann hefur farið vel af stað með Valsliðið en framundan eru erfiðir leikir í Evrópukeppni bikarhafa gegn Dynamo Berlin.

Guðmundur var inntur eftir því hvernig honum litist á viðureignirnar gegn Austur-Þýsku bikarmeisturunum Dynamo Berlin. „Ég held að við getum metið þessa leiki, annars vegar miðað við leiki Vals gegn Wismút Aue í Evrópukeppninni fyrir tveimur árum og hins vegar eftir landsleik Íslands og Austur-Þýskalands síðastliðinn miðvikudag. Þótt úrslitin hafi í raun verið sitt á hvorn

Guðmundur Þorbjörnsson hampar Íslandsbikarnum sem fyrirlíði Vals árið 1978.



Guðmundur Þorbjörnsson skorar sigurmark Vals gegn franska liðinu Nantes í Evrópukeppni félagsliða árið 1985.

vegin í þessum leikjum hefur Austur-Þýsk knattspyrna ekki breyst síðastliðin 10 ár eða frá því hún var upp á sitt besta. Ef menn spila skipulega og aga gegn Austur-Þýskum liðum er sá möguleiki ávallt fyrir hendi að ná hagstæðum úrslitum.

Dynamo Berlin spilar eins knattspyrnu og landsliðið enda eru þrír bestu mennirnir í liðinu aðal driffjaðrirnar í landsliði Austur-Þýskalands.“

— Heldurðu að Valur eigi möguleika á að komast í 2. umferð í annað sinn í sögu félagsins?

„Til þess verður allt að ganga upp en það yrði sannarlega ánægjulegt því ég hef aldrei upplifað það sem leikmaður. Það er ljóst að öllu jöfnu ætti Dynamo Berlin að vera sterkara en Valsliðið. Leikurinn hér heima kemur til með að ráða úrslitum því við verðum að fara með hagstæð úrslit austur fyrir



Guðmundur í landsleik gegn Skotum á Laugar-dalsvælinum árið 1985.

járntjald. Það verður mjög erfitt að þurfa að sækja á móti þeim þar. Ef okkur nægir að spila skipulegan varnarleik þar tel ég möguleika fyrir hendi að komast áfram.“

— Hvað finnst þér um Valsliðið í dag til samanburðar við leiki þess fyrr í sumar? Þýr meira í liðinu en það hefur sýnt til þessa?

„Það er augljóst mál að það þýr mun meira í liðinu en það hefur sýnt. Það eru



Guðmundur var kjörinn leikmaður ársins af leikmönnum 1. deildar árið 1985. Hann tekur hér við viðurkenningunni úr hendi Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra.

eingöngu góðir knattspyrnumenn í hópnum en vandamálið hefur verið að ná saman góðu liði. Það er í raun það verkefni sem fyrir höndum er. Í liðinu eru góðir knattspyrnumenn með mikla reynslu og ungir og gífurlega efnilegir strákar. Við höfum lykilmenn alls staðar á vellinum og þess vegna hefur maður spurt sig þeirrar spurningar; af hverju liðið hefur ekki leikið góða knattspyrnu?“

— Hefurðu gaman af þjálfun?

„Ég hef haft gaman af þessu þann stutta tíma sem ég hef verið — ekki sist vegna félagssskaparins. Þessi tími gefur þó ekki raunverulega mynd af því hvernig er að þjálfá í 1. deild á Íslandi.“



Dynamo Berlin 1989-1990. Aftasta röð frá vinstri: Bernd Schulz, Rainer Ernst, Jörn Lenz, Burkard Reich, Dirk Anders, Hendryk Herzog, Frank Pastor. Miðröð frá vinstri: Helmut Koch aðstoðarþjálfari, Frank Rohde, Thomas Doll, Jörn Fügner, Andreas Nofz, Bodo Rudwaleit, Oskar Kosche, Andreas Thom, Eike Küttner, Christian Backs, Helmut Jäschke þjálfari. Fremsta röð frá vinstri: Jörg Buder, Thomas Grabow, Heiko Bonan, Thomas Strecker, Jens-Uwe Zöphel, Marco Köller, Waldemar Ksienzyk.

DYNAMO BERLIN

LIÐ HERSINS

Knattspyrnufélagið Dynamo Berlin var stofnað 15. janúar 1966 en áður lék það undir nafninu SC Dynamo. Dynamo Berlin er knattspyrnulið Austur-Þýska hersins og hefur verið nánast ósigrandi í Austur-Þýskalandi í áratug. Liðið sigraði samfleytt í deildarkeppninni 10 ár í röð eða frá árinu 1979 til ársins 1988. Á síðasta keppnistímabili raut Dynamo Dresden sigurgöngu Berlínar-liðsins við mikinn fögnuð flestra í Austur-Þýskalandi. Auk samfelldrar sigurgöngu í deildarkeppninni hefur Dynamo Berlin sigrað þrisvar sinnum í bikarkeppninni. Það var árin 1959, 1988 og 1989.

Óvinsældir Dynamo Berlin eru miklar í Austur-Þýskalandi vegna þess að allir bestu knattspyrnumenn landsins hafa verið skikkaðir til þess að gegna herþjón-

ustu og um leið orðið leikmenn liðsins. Vegna þessa hefur liðið verið óvinsælt meðal andstæðinganna og almennings en samt hafa dómara og línuverðir ávallt verið hliðhollir liðinu. Ástæða þess er hræðsla við herinn og það vald sem honum fylgir. Óvinsældir liðsins eru oft svo miklar að jafnvel á heimavelli þess halda flestir áhorfendur með gestunum.

Heimavöllur liðsins rúmar 22.000 manns.

Dynamo Berlin hefur samtals 14 sinnum tekið þátt í Evrópukeppni og er árangur liðsins eftirfarandi:

Í Evrópukeppni meistara-liða hefur Dynamo Berlin 10 sinnum verið meðal þátttökuliða og leikið samtals 38 leiki. Aðeins 4 sinnum hefur liðið fallið úr keppni í 1. umferð en það hefur haft sigur í 15 leikjum, 8 sinnum gert jafntefli og

tapað 15 leikjum. Markatala liðsins í Evrópukeppni meistaraliða er hagstæð, eða 54:52. Stærsti sigur Dynamo Berlin í keppninni var ári 1983 en þá lagði liðið Jeunesse d'Esch að velli 4:1.

Í Evrópukeppni meistaraliða í fyrra keppti Dynamo Berlin við Vestur-Þýsku meistarana Werder Bremen og vann stórsigur á heimavelli, 3:0. Útileiknum tapaði Dynamo Berlin hins vegar 0:5. Árangur þess á heimavelli í fyrra sýnir að liðið er erfitt heim að sækja enda valinn maður í hverri stöðu.

Dynamo Berlin hefur aðeins einu sinni leikið í Evrópukeppni bikarhafa en það var árið 1971-1972. Liðið komst alla leið í 4. umferð og lék því alls 8 leiki. Samtals unnust 3 sigur í þessum 8 leikjum en 5 þeirra lyktaði með jafntefli. Enginn leikur tapaðist en hins vegar féll Dynamo Berlin út á vítaspurnukeppni. Markatala liðsins í keppninni var 14:8.

Dynamo Berlin lék síðast í Evrópu-



Tomas Doll, leikmaður Dynamo Berlin, skoraði mark gegn Íslandi á Laugardalsvöllinum á dögunum.

keppni félagsliða fyrir 10 árum eða árið 1979. Þá lék liðið gegn Rauðu Stjörnunni frá Belgrad. Sigur vannst í heimaleiknum, 5:2 en útileikurinn tapaðist 1:4 eftir að Dynamo Berlin hafði haft 1:0 yfir í hálfleik.

Samtals hefur liðið þrisvar sinnum tekið þátt í þessari keppni og leikið 10 leiki. Þrjú sigur hafa unnist, þrisvar sinnum hefur orðið jafntefli og fjórir leikir hafa tapast. Markatala liðsins er óhagstæð, eða 14:17.

Í 23 manna leikmannahópi Dynamo Berlin eru 11 leikmenn sem hafa leikið með Austur-Þýska landsliðinu. Þekktustu leikmenn liðsins eru: Andreas Thom sem er án efa einn fljótasti knattspyrnumaður heims. Hann hefur ætíð reynt íslenska landsliðinu erfiður. Reyndar lék hann ekki með landsliðinu gegn Íslandi í undankeppni heimsmeistarakeppninnar á Laugardalsvöllinum 6. september síðastliðinn en í þeim leik léku félagar hans í liði Dynamo Berlin stórt hlutverk. Það voru leikmennirnir Thomas Doll og Rainer Ernst sem skoruðu hvort sitt markið gegn Íslandi og Reich Buchward.

Samtals hafa leikmenn Dynamo Berlin leikið rúmlega 200 landsleiki fyrir Austur-Þýskaland. Leikmannahópurinn er eftirfarandi:



Rainer Ernst er 28 ára gamall og einn skæðasti sóknarmaður Dynamo Berlin. Hann á 50 landsleiki að baki.

Bodo Rudwaleit	03.08.'57	32 landsleikir
Oskar Kosche	18.08.'67	
Andreas Nofz	17.11.'68	
Frank Rohde	02.03.'60	34 landsleikir
Waldemar Ksienzyk	10.11.'63	1 landsleikur
Burkhard Reich	01.12.'64	3 landsleikir
Marco Köller	25.06.'69	
Jörg Fügner	26.06.'66	
Bernd Schulz	12.02.'60	2 landsleikir
Hendryk Herzog	02.04.'69	
Christian Backs	26.08.'62	9 landsleikir
Eike Küttner	19.09.'62	
Heiko Bonan	10.02.'66	1 landsleikur
Jörn Lenz	12.04.'69	
Thomas Strecker	07.04.'71	
Thomas Grabow	02.01.'70	
Jörg Buder	24.09.'69	
Rainer Ernst	31.12.'61	50 landsleikir
Andreas Thom	07.09.'65	47 landsleikir
Thomas Doll	09.04.'66	21 landsleikur
Frank Pastor	07.12.'57	7 landsleikir
Dirk Anders	26.09.'66	

Þjálfari: Helmut Jäschke

Skoraði gegn Dynamo Berlin

Lárus Guðmundsson framherji Vals er eini leikmaður Vals sem hefur skorað mark gegn Dynamo Berlin. Það gerði hann í leik með Bayer Uerdingen árið 1985.

Liðið lék gegn Dynamo Berlin í svokallaðri Toto keppni og lyktaði leiknum með 2:2 jafntefli. Lárus skoraði jöfnunarmark Uerdingen. Það er því spurning; endurtekur Lárus leikinn í kvöld eða skorar hann kannski 2 mörk?

ÍSLANDSMEISTARAR



Íslandsmeistarar 4. flokks Vals 1989.



Íslandsmeistarar 2. flokks Vals 1989.

Knattspyrnudeild Vals

pakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning

- Hljóðfæraverslun Steina, Skúlagötu 61, 101 R.
Endursk. Björns Bjarnasonar, Hamraborg 1, 200 Kóp.
Burstagerðin, Smiðsbúð 10, 210 Gbæ.
Rádioverkst. Sónn hf., Einholti 2, 105 R.
Rádióþjónustan sf., Lágmúla 9, 108 R.
Stefánsblóm, Njálsgötu 65, 101 R.
Söluturninn, Barónsstíg 27, 101 R.
Söluturninn Þverholti, Hjá Shell/Olís, 270 Mos.
Heildverslunin Bjarmi, Borgartúni 29, 105 R.
Ásgeir Thoroddsen, Laugavegi 97, 101 R.
Casa, Borgartúni 29, 105 R.
Sælgætisgerðin Freyja, Kársnesbraut 104, 200 Kóp.
J.S. Helgason, Draghálsi 4, 111 R.
Reykjalundur, Vinnuheimilið Mosf. 270 Mos.
Hótel Stefanía, 600 Akureyri
Skátabúðin, Snorrabraut 60, 101 R.
Epal, Faxafeni 7, 108 R.
Smith & Norland, Nóatúni 4, 104 R.
Gevalía/Rydenskaffi, Auðbrekku 20, 200 Kóp.
Opal sælgætisgerð, Fossháls 27, 110 R.
Sanitas, Köllunarklettsvegi 4, 105 R.
Visa, Höfðabakka 9, 112 R.
Sælgætisgerðin Freyja, Kársnesbraut 104, 200 Kóp.
J.S. Helgason, Draghálsi 4, 110 R.
Japis, Brautarholti 2, 101 R.
Skátabúðin, Snorrabraut 60, 101 R.
Rádíostofan, Dverghöfði 27, 112 R.
Gull og silfur, Laugavegi 35, sími 20620
Ömmubakstur — flatkö?kur, Kársnesbraut 96, sími 41301
Esso — Olíufélagið hf., Suðurlandsbraut 18, sími 681100

DUROL



**Mottan sem fer ekki
í manngreinaralit**

Hún hreinsar alla skó !

Durol-burstagólfmottan heldur óhreinindum framúrskarandi vel úti. Hún tryggir að 70% minna af óhreinindum berst inn í húsið.

- Þetta þýðir:
- Að starfsfólk þitt og viðskiptavinir hreinsa skó sína hvort sem þeir vilja það eða ekki.
- Að minni óhreinindi eru í húsinu.
- Að húsráðendur spara tíma og fé.

Durol-burstagólfmottan er endingargóð og sérlega handhæg, vegna þess að hægt er að rúlla henni upp og fjarlægja óhreinindi undan henni. Einnig er mjög auðvelt að viðhalda fallegu útliti mottunnar með ryksugun og sápuþvotti.

Durol-gólfmottuna er hægt að panta í öllum stærðum. Hún hentar mjög vel í mottugryfjur.

BURSTA  **GERÐIN**

Smiðsbúð 10 – Garðabæ – sími (91) 41630, (91) 41930

BURSTAMOTTAN